



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 16. ágúst 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins og hófst kl. 08:30

Á fundinum voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Ragnar Már Björnsson varamaður fyrir Erlu Maríu Lárusdóttur og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fund undir 1. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og starfandi sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstrar- og fjárfestingayfirlit janúar-júní 2024 og framkvæmdayfirlit

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-júní 2024 og framkvæmdayfirlit sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði.

2. Skýrsla sveitarstjóra

Starfandi sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

3. Skipan almannavarnarnefndar

Fyrir hönd almannavarnarnefndar í Húnavatnssýslum var lagt fram erindi lögreglustjóra á Norðurlandi vestra, dagsett 28. júní 2024 um breytta tilhögun nefndarinnar.

Í almannavarnanefnd Húnavatnssýslna eiga nú sæti lögreglustjóri og sveitarstjórar sveitarfélaga í Húnavatnssýslum.

Lagt til að almannavarnanefnd í Húnavatnssýslum verði skipuð með eftirfarandi hætti:
Sveitarstjórar

Lögreglustjóri og yfirlögregluþjónn á Norðurlandi vestra

Slökkviliðsstjórar í Húnabyggð, Húnaþingi vestra og Skagaströnd

Byggingar- og/eða skipulagsfulltrúar í Húnabyggð og Húnaþingi vestra

Læknir frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga

Sveitarstjórn samþykkir tillögu samhljóða með 5 atkvæðum.

4. Menningar- og tómstundafulltrúi

Í framhaldi af síðasta sveitarstjórnarfundum þar sem samþykktar voru skipulagsbreytingar í tengslum við starfsemi tómstundastarfs aldraðra og félagsmiðstöðvarinnar Undirheima var auglýst starf Menningar- og tómstundafulltrúa og bárust sjö umsóknir.

Þar sem verið er að vinna úr gögnum/viðtölum við umsækjendur samþykkir sveitarstjórn að fresta ákvörðun um ráðningu.



5. Aðalfundur BioPol

Boðað er til aðalfundar Sjávarlíftækni-setursins BioPol ehf 4. september kl.16:00

Lagt fram til kynningar.

6. Skagabyggð/Húnabyggð – beiðni um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Til Sveitarfélagsins Skagastrandar barst beiðni í júlí frá Skagabyggð um skólavist nemenda utan lögheimilissveitarfélags sem höfðu verið samþykktar af sveitarstjórn Skagabyggðar 2. júlí 2024. Um er að ræða 4 umsóknir um leikskólavist við leikskólann Barnaból skólaárið 2024/2025 og 6 umsóknir um skólavist við Höfðaskóla skólaárið 2024/2025.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum, umbeðnar beiðnir og felur starfandi sveitarstjóra að leggja fram drög að þjónustusamningi við Húnabyggð því til staðfestingar.

7. Skólamáltíðir

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 4. júlí 2024, vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða ásamt áætluðum framlögum ríkisins í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í minnisblaði Sambandsins er rakið að við nýafstaðin þinglok Alþingis hafi verið samþykkt frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er varðar gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum landsins. Lagabreytinguna má rekja til sameiginlegrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gerð var þann 7. mars sl. til að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði. Með lagabreytingunni bætist við árlegt framlag til Jöfnunarsjóðs árin 2024-2027 til úthlutunar fyrir þau sveitarfélög sem bjóða öllum nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum.

Í drögum að skiptingu framlaga Jöfnunarsjóðsins milli sveitarfélaganna, er áætlað framlag til Sveitarfélagsins Skagastrandar kr. 2.094.718 frá ágúst-desember 2024.

Samkvæmt upplýsingum verkefnastjóri fjármála hjá sveitarfélaginu stendur það framlag undir 75% af því sem foreldrar hefðu annars greitt á komandi haustönn.

8. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar var bókuð í trúnaðarbók.

9. Þjóðhagsspá Hagstofu

Lagt fram til kynningar minnisblað frá Sambandi ísl. sveitarfélaga dagsett 10. júlí 2024 um nýja spá Hagstofu og forsendur. Helstu óvissuþættir í tengslum við spána eru náttúruhamfarir á Reykjanesi, verðbólguþróun, alþjóðlegar efnahagshorfur og aukin spenna í alþjóðasamskiptum og stríðsátök.

Spá Hagstofu er í takti við spár greiningadeilda bankanna að undanfögnu.



10. Lögregluembættið Norðurlandi vestra

a. Umferðarmyndavélar

Lagt fram til kynningar minnisblað lögreglustjórans á Norðurlandi vestra dagsett 13. ágúst 2024 um eftirlitsmyndavélar í umdæmi LNV. Lagt er til að sérstakur vinnuhópur verði skipaður sem yfirlögregluþjónn embættis LNV myndi leiða. Ráðgert er að einn frá hverju sveitarfélagi verði í vinnuhópnum, sem hefði það hlutverk að leggja mat á staðsetningu og nauðsyn myndavéla hjá hverju sveitarfélagi. Fyrir liggur kostnaðargreining fyrir kaup og uppsetningu myndavélar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að tilnefna sveitarstjóra í þennan vinnuhóp.

b. Rannsóknarforræði

Lagt fram til kynningar erindi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra frá 28. júní 2024 um breytingu á reglugerð þess efnis að embættinu verði falið rannsóknarforræði kynferðisbrota og manndrápa af ásetningi í umdæmi hans, en það hafði verið á forræði lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

11. Fundargerðir:

a. Félags- og skólaþjónusta A. Hún. 14. ágúst 2024

Fundargerð lögð fram og samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

b. Stjórn SSSNV nr. 110, 25. júní 2024

Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 110 lögð fram til kynningar.

c. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 949 13. júní 2024 og nr. 950 21. júní 2024

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 949 og 950.

12. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Ragnar Már Björnsson

Ólafur Þór Ólafsson